

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum**

82. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum var haldinn mánudaginn 28. júní 2021. Fundurinn sem var fjarfundur í Teams hófst kl. 13:00.

Á fundinum voru f.h. FT, Sigrún Grendal og Guðbjörg Sigurjónsdóttir. F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Inga Rún Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Harpa Ólafsdóttir boðaði forföll.

Pá var gengið til dagskrár.

**1. Tillaga um breytingar á samþykktum Starfsmenntunarsjóðs FT**

Fram kom tillaga frá FT og stjórn starfsmenntunarsjóðs FT þar sem óskað er eftir staðfestingu samningsaðila um að frá og með 1. ágúst 2021 verði opnað á styrkveitingar úr tveimur nýjum deildum innan sjóðsins. Annarsvegar er um að ræða deild sem fær nafnið D deild sem hefur það að markmiði að styrkja félagsmenn vegna lokinna ECTS eininga sem tengjast kennarastarfinu. Samstarfsnefnd er sammála um að þeir félagsmenn sem hófu nám frá og með 1. janúar 2020 geti sótt um styrk vegna lokinna ECTS eininga í náminu.

Hinsvegar er um að ræða einstaklingsbundinn styrktarsjóð sem fær nafnið E deild sem veitir m.a. styrki til andlegrar og/eða líkamlegrar sjálfseflingar. Samhliða er lagt til að breyting verði gerð á markmiðsgrein sjóðsins, gr. 1.2., þar sem fram kemur að sjóðurinn styrki bæði faglega starfsþróun og andlega og/eða líkamlega sjálfseflingu félagsmanna. Þá hefur stjórn sjóðsins samhliða lagt til ýmsar minni breytingar í samræmi við framangreint og lagt fram skjal með samþykktum til samningsaðila þar sem allar breytingar eru rekjanlegar. Þá hafa verið færðar inn í tillögur að uppfærðum samþykktum fyrri ákvarðanir samningsaðila s.s. um styrkfjárhæðir og ferðastyrki innanlands.

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefnd er sammála framangreindum tillögum um breytingar á samþykktum Starfsmenntunarsjóðs FT og samþykkir að þær breytingar sem lagðar eru til taki gildi frá og með 1. ágúst 2021. Fulltrúar í samstarfsnefnd munu staðfesta þessa ákvörðun með rafrænni undirritun skjalsins „Frumrit\_Samþykktir StarfsmenntunarsjóðsFT \_Gildistaka 1. ágúst 2021“.

## 2. Ósk um að raða tónlistarskólakennara í starfsheitið Tónlistarskólakennari III

Tekið fyrir erindi skólastjóra Tónlistarskóla Borgarfjarðar dags. 2. júní 2021 þar sem óskað er eftir því að samstarfsnefnd raði starfandi kennara við skólann í starfsheitið tónlistarskólakennari III í samræmi við bókun V í kjarasamningi aðila.

### Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála um að tónlistarkennarinn raðist í starfsheitið Tónlistarskólakennari III frá og með 1. júlí 2021.

## 3. Önnur mál

- a. FT kynnti fyrir SNS ákvörðun félagsins um að höfða mál gegn SNS fyrir félagsdómi vegna ágreinings um túlkun á gr. 1.3.1 og bókun 4 (2020) í kjarasamningi aðila með gildistíma frá 1. september 2020 til 31. desember 2021.
- b. Rætt um stöðu mála er varðar útgáfu heildarkjarasamnings.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 13:30.